

Byrjendalæsi

Ný vinnubrögð í lestrarkennslu 1. – 3. bekkjar samkvæmt
hugmyndafræði Byrjendalæsis


Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2010



Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

- Að börn nái góðum árangri í lestri sem fyrst á skólagöngu sinni sem tekur til allra þátta móðurmálsins tals, hlustunar, lesturs og ritunar.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum aukist.
- Einstaklingsmiðun í námi.
- Nemendur fái leiðsagnarmat sem er samofið námi og kennslu.
- Styðja kennara við að innleiða vinnubrögð byrjendalæsis í lestrarkennslu sem er frábrugðin þeim vinnubrögðum sem kennarar hafa vanist. Áhersla er lögð á bekkjarstjórnun, athafnamíðað nám, fjölbreytta starfshætti og einstaklingsmiðaða starfshætti.
- 77% nemenda í 1. og 2. bekk nái 60% árangri þar sem skimunarpróf Læsis fyrir 1. og 2. bekk eru lagðar til grundvallar.
- Nemendur 3. bekkjar nái 50% árangri í lesskilningsprófum og lesi 140 atkvæði á mínútu á hraðaprófi. Hraðaprófseinkunnir bornar saman við hraðapróf vorið 2009.
- Samvinna heimilis og skóla aukist.

Byrjendalæsi





Í Byrjendalæsi er gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunnar. Öll tæknileg vinna sprettur út frá þeim efniviði sem felst í gæðatextanum. Lykilorð úr textanum er nýtt til innlagnar á öllum helstu tæknilegum þáttum lestrarnámsins. Nemendur læra hlið við hlið en um leið fá þeir ögrandi verkefni við hæfi hvers og eins. Gengið er út frá því að námsþörfum allra nemenda sé mætt í almennri kennslu. Í kennslu er lagt upp úr sýnikennslu og stuðningi og nemendur læra ný vinnubrögð. Lestrarnámið býður upp á samskipti, hlutbundna vinnu, skapandi hugsun og tjáningu. Lögð er áhersla á að kennslan byggji á kennsluáætlunum sem taka mið af markmiðum samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla. Litið er á kennslubækur sem hluta af námsgögnum en ekki sem stjórnanda kennslunnar.

Samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla 2007 er lestrarkunnátta undirstaða almennrar menntunar og góð lestrarfærni nauðsynleg til þess að menn geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Í NRP rannsókninni kemur fram að árangursrík lestrarkennsla þurfi að beinast að stafa- og hljóðþekkingu, öryggi og hraða og lesskilningi. Þar er talið að mestu máli skipti að skólar vinni eftir heildstæðum áætlunum þar sem lestur, ritun og mál myndi eina heild og eru samtvinnuð í lestrarnáminu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Lestrarkennsluaðferðin *Byrjendalæsi* hefur verið þróuð á vegum skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Þróunarverkefnið í Byrjendalæsi hófst í Breiðdagerðisskóla haustið 2008. Ráðgjafar frá Háskólanum á Akureyri hafa séð um stjórnun verkefnisins í samvinnu við leiðtoga frá Menntasviði Reykjavíkur og oddvita skólans. Smíðjur hafa verið haldnar af Háskólanum á Akureyri 4x á ári þar sem kennarar úr 4 skólum miðla reynslu sinni og kennsluáætlanir og kennslugögn hafa verið kynnt. Ennfremur hafa verið fræðilegir fyrirlestrar þar sem kennarar hafa fengið tækifæri til að dýpka þekkingu sína á læsi og vinnubrögðum Byrjendalæsis. Má þar t.d. nefna ritun – ritunarráttur og sögugerð/sögukort, gagnvirkur lestur, hugtakakort, KVL, samþættingu samfélagsfræði og Byrjendalæsis, vinna með lykilorð að lokinni stafainnlögn, námsumhverfi, áætlanagerð, einstaklingsmiðun í námi, viðmið og prófþættir í skimunarprófum Læsis og í grundun í kjölfar þeirra.





Það hefur reynst mikill stuðningur við verkefnið hversu áhugasamir kennarar hafa verið og það að hafa virka eftirfylgd og ráðgjöf frá Akureyri, Menntasviði Reykjavíkurborgar, fræðslufundi og samvinnu við hina 3 skólana sem einnig tóku þátt í verkefninu. Einnig tel ég það afar jákvætt að verkefnið nái yfir tveggja ára tímabil þar sem kennarar ná að þróa breytta kennsluhætti með fræðslu og ráðgjöf. Leiðtogi frá Menntasviði kom í heimsókn í kennslustofur 3x á hverri kennsluönn í hvern árgang og veitti kennurum endurgjöf og aðstoðaði þá við að þróa starfshætti byrjendalæsis. Ráðgjafar frá Akureyri hafa veitt leiðtoga frá Menntasviði handleiðslu og heimsótt skólann 2x á ári. Fundir ráðgjafanna hafa verið tvíþættir. Annars vegar hafa þeir fundað með öllum kennurum 1. – 3. árgangsins, oddvita skólans (verkefnastjóra) og leiðtoga frá Menntasviði. Hins vegar hafa þeir fundað með skólastjóra, oddvita og leiðtoga frá Menntasviði.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Áætlun verkefnisins hefur haldist. Þakka má ráðgjöfum, leiðtoga og þátttakendum í verkefninu. Miðað við niðurstöður úr öllum skólum byrjendalæsis hefur komið í ljós að 3. hefti Læsis fyrir 1. bekk er óvenju erfitt. Meðaltal þeirra nemenda sem náðu þar 60% árangri var 67% árin 2009 og 2010. Þess ber að geta að niðurstöður úr skimunarprófum fyrir 1. bekk eru aðeins kynntar í skýrslum hjá skólum byrjendalæsis. Því var viðmið mitt fyrir 3. hefti Læsis í 1. bekk samkvæmt umsókninni óraunhæft. Því verður niðurstaða 2. prófs 1. bekkjar einnig kynnt í kafla um niðurstöður verkefnisins til að sýna fram á mat á árangri.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Hugmyndafræði Byrjendalæsis gerir auknar kröfur til kennara. Þar er lögð áhersla á gerð kennsluáætlaða út frá markmiðum Aðalnámsskrár, breyttra kennsluhátta þar sem vinna með hefðbundin námsgögn stjórna ekki kennslunni heldur eru það markmið sem eru samofin námsmati. Reynslan hefur sýnt að það tekur kennara yfirleitt eina önn að setja sig inn í þessa hugmyndafræði. Þegar kennarar eru byrjaðir að vinna með þessa aðferð vilja þeir ekki hverfa aftur til fyrri kennsluhátta.




Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnavinnu:

Ávinningur Byrjendalæsis hefur leitt til aukinnar starfsánægju og starfsþróunar kennara. Námsáhugi, gleði og námsárangur nemendanna hefur aukist. Við upphaf þróunarverkefnisins kynntu kennarar á foreldrafundum og í skólanámsskrá hugmyndafræði og kennsluáferðir Byrjendalæsis þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðun í námi, sjálfstæði í

vinnubrögðum, tjáningu og skapandi vinnu. Foreldrum var boðið reglulega í heimsókn þar sem afrakstur ýmissa verkefna var kynnt í máli, myndum og skapandi vinnu í formi handverks og ritvinnslu. Verk nemenda urðu mjög sýnileg á veggjum skólans. Kennarar byrjuðu að samþætta íslenskukennsluna við samfélagsfræði og að einhverju leyti stærðfræði. Mikill áhugi var hjá þessum kennurum að fá að þróa þessar aðferðir betur á sviði stærðfræðinnar og því var í vor sótt um styrk til Sprotasjóðs til að þróa það verkefni. Því miður fengum við ekki styrkinn að þessu sinni en við munum sækja um aftur. Það er samdóma álit þeirra fjögurra skóla sem tóku þátt í verkefninu Byrjendalæsi – heildstæð nálgun móðurmáls þ.e. Borgarskóla, Fellaskóla, Laugarnesskóla og Breiðagerðisskóla að þátttaka í þessu þróunarverkefni hefði verið eins og vítamínssprautu inn í skólana.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- 77% nemenda náði 60% árangri í 1. og 2. bekk samkvæmt Læsis – skimunarprófum.



- Nemendur í 3. bekk náí 50% árangri í lesskilningsprófi. Einn nemandi í 3. bekk var undir þeim viðmiðum.
- Nemendur í 3. bekk náí 140 atkvæðum á mínútu samkvæmt hraðaprófum og árangur borin saman við fyrra ár. 5 nemendur voru undir þeim viðmiðum. Þeir lásu 94-126 atkvæði á mínútu. Samkvæmt viðmiðum um hraðapróf fyrir 2. bekk er gerð krafa um að nemendur lesi 100 atkvæði á mínútu. Vorið 2009 voru 14 nemendur undir þeim viðmiðum og lásu 40 – 90 atkvæði á mínútu.
- Nemendur sem náðu 0 – 30% árangri fóru í greiningu hjá sérkennara. Einstaklingsáætlun var gerð og kennurum og foreldrum veittar ráðleggingar samkvæmt niðurstöðum greiningarprófanna. Unnið var samkvæmt þeirri einstaklingsáætlun í skólanum og í heimanámi. Skammtíamarkmið þeirra einstaklingsáætlana náðust að mestu leyti í vor. Einstaklingsáætlanir þessara nemenda verða endurskoðaðar í upphafi nýs skólaárs.

Niðurstöður verkefnisins:

Í þróunarverkefninu Byrjendalæsi hafa kennarar í 1. – 3. bekk tekið þátt í að breyta kennsluháttum í lestrarkennslu. Samþætting íslenskukennslunnar við samfélagsgreinar og stærðfræði hefur aukist. Námsárangur og námsáhugi nemenda hefur aukist svo og starfsánægja kennara sem segjast núna ekki vilja vinna öðruvísi.

Fleiri og fleiri skólar í Reykjavík taka þátt í Byrjendalæsi. Í ár bættust skólarnir í Grafarvoginum við og næsta haust er ráðgert að 4 nýir skólar bætist í hópinn. Áfram verður unnið samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis í Breiðagerðisskóla næsta haust. Þeir kennarar sem koma nýir að kennslu í 1. – 3. bekk taka þátt í smiðjum með þeim skólum sem eru að hefja verkefnið og kennarar sem verða á 2. ári byrjendalæsis halda áfram að taka þátt í smiðjum með Grafarvogsskólunum. Þessir kennarar munu fá ráðgjöf frá kennsluráðgjafa Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis sem hefur verið í handleiðslunámi hjá ráðgjöfum í Háskólanum á Akureyri.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Síðastliðin vetur var kynning á hugmyndafræði og kennsluáðferðum Byrjendalæsis fyrir alla starfsmenn skólans og ráðgert er að kynna helstu niðurstöður og afrakstur verkefnisins næsta haust.